

Lögmannablaðið

ÚTGEFIÐ AF LÖGMANNAFÉLAGI ÍSLANDS

4. TBL. 30. ÁRG. 2024





- 4 STEFÁN A. SVENSSON
Formannspistill
- 6 ARI KARLSSON
Frá ritstjórn
- 7 FRÆDSLUFUNDUR MED JÓLAÍVAFI:
Nauðsyn upplýsingatækni-
kunnáttu fyrir lögfræðinga
- 10 VIÐTAL VIÐ KRISTÍNU
BENEDIKTSDÓTTUR
„Umboðsmaður Alþingis
er orðin hún“
- 14 INNLEIÐING S-MÁLA
Réttarvörslugátt á góðri leið
- 16 JÓHANN ÓLI EIÐSSON
Er kominn tími á
stjórnsýsludómstól?
- 20 EYRÚN INGADÓTTIR
Dómsalur í sýndarveruleika
- 22 KRISTRÚN ELSA HARÐARDÓTTIR
OG ÞORBJÖRG INGA JÓNSDÓTTIR
20 ára afmælishátíð Félags
kvenna í lögmennsku: Störf og
reynsla kvenna í lögmennastétt
- 24 VIÐTAL VIÐ EYRÚNU INGADÓTTUR
Miðaldra nýliði gefur út ljóðabók
um golf

Lögmannafélag Íslands

Álftamýri 9, 108 Reykjavík
Netfang: lmfi@lmfi.is
Heimasíða: www.lmfi.is

Ritstjóri og ábyrgðarmaður

Ari Karlsson lögmaður
Netfang: ari@lmfi.is

Aðstoðarritstjóri

Eyrún Ingadóttir
Netfang: eyrun@lmfi.is

Ritnefnd

Arnar Vilhjálmur Arnarsson lögmaður
Hildur Þórarinsdóttir lögmaður
Ingi B. Poulsen lögmaður
Únnur Lilja Hermannsdóttir lögmaður

Stjórn LMFÍ

Stefán A. Svansson lögmaður, formaður,
stefan@juris.is
Eva Halldórsdóttir lögmaður, varaformaður,
eva@llg.is
Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, ritari
hildur@landslag.is
Sigrún Helga Jóhannsdóttir lögmaður, gjaldkeri
sigrun@skagi.is
Magnús Hrafn Magnússon lögmaður, meðstjórnandi
mhm@sigthor.com

Varastjórn LMFÍ

Auður Björg Jónsdóttir lögmaður,
audur@jalogmenn.is
Gísli G. Hall lögmaður,
ggh@lav.is
Guðmundur Ingvi Sigurðsson lögmaður,
guðmundur@lex.is

Starfsmenn LMFÍ

Ingimar Ingason framkvæmdastjóri
Eyrún Ingadóttir skrifstofustjóri
Eva Hrönn Jónsdóttir lögmaður

Forsíðumynd

Kristín Benediktsdóttir
umboðsmaður Alþingis.
Ljósmynd: Hulda Margrét.

PRENTVINNSLA

Litlaprent ehf.

UMSJÓN AUGLÝSINGA

Óflun ehf., sími: 530 0800
ISSN 1670-2689

LOGOS

Lögfræðipjónusta fyrir
íslenskt og alþjóðlegt
viðskiptalíf

Heiðarleiki, fagmennska og metnaður er sá
grunnur sem velgengni LOGOS byggir á.

LÖGMENNSKAN OG GERVIGREIND

STEFÁN A. SVENSSON LÖGMAÐUR
FORMAÐUR



Gervigreindin er komin til að vera og mun vafalaust skipa aukinn sess í störfum lögmanna og lögfræðinga þegar fram líða stundir. Í gervigreindinni felast tækifæri fyrir lögmenn en líka áskoranir, bæði varðandi það að tileinka sér tæknina en á sama tíma að átta sig á því að gervigreindin, enn sem komið er a.m.k., er ekki óskeikul frekar en mannfólkið. Á vegum laganefndar félagsins er unnið að leiðbeinandi tilmælum um notkun gervigreindar í störfum lögmanna, þ. á m. að gættum siðareglum, og er höfð hliðsjón af vinnu annarra lögmannafélaga um sama efni.

Nú í desember stóðu Lögmannafélagið og Lögfræðingafélag Íslands saman að fræðslufundi um gervigreind og lögfræði. Fundurinn var afar vel sóttur og mun færri komust að en vildu. Framsögur voru allar framúrskarandi og líflegar umræður spunnust í kjölfar þeirra.

Þeim sem hér heldur á penna var þó aðeins brugðið þegar honum varð ljóst að hann virtist jafnvel sá eini í þéttskipuðum salnum sem hafði aldrei prófað, og raunar lítið heyrt um, ChatGPT sem, samkvæmt því sem fram kom á fundinum, mun vera spjallmenni sem byggir á gervigreind sem hægt er að spyrja spurninga og eiga samtal við í venjulegu ritmáli. Er því ekki úr vegi, innblásinn af nýtilkominni þekkingu, að efna til samtals við spjallmennið í kjölfar fundar og reyna að tileinka sér tæknina. Fer afraksturinn hér:

Ég: Getur þú samið pistil frá formanni félagsins í blaðið?

ChatGPT: Auðvitað, hér er tillaga að pistli frá formanni félagsins í Lögmannablaðinu:

Kæru félagsmenn,

Eins og við höldum áfram að takast á við nýjar áskoranir í réttarfarsheiminum vil ég byrja á að þakka ykkur fyrir ykkar ómetanlega framlag og störf á síðastliðnu ári. Lögfræðin er lifandi fagsvæði sem krefst þess að við aðlagast breytingum og þróun, hvort sem það er í lögum, tækni eða samfélagslegum aðstæðum.

Í þessum pistli vil ég leggja áherslu á mikilvægi samstarfs okkar. Sameining okkar sem lögfræðinga er lykilatriði í að byggja upp sterkt réttarfélag. Við höfum öll eitthvað að færa og sameiginlegar umræður styrkja þekkingu okkar og dýrmæt tengsl í faginu.

Síðasta ár hefur verið viðburðaríkt, með fjölmörgum spennandi verkefnum og viðburðum. Ég hvet alla til að taka þátt í okkar komandi fundum og námskeiðum, og nýta tækifærin til að deila reynslu okkar og læra af hvor öðru. Við þurfum að halda áfram að vera framarlega í þróun réttarfarsins og tryggja að lögfræðingar séu vel að sér í nýjungum.

Verum stolt af okkar verkefnum og berum ábyrgð á því að þróa fag okkar áfram. Ég hlakka til þess að sjá hvern og einn ykkar á komandi viðburðum.

Um leið og ég geri þessi orð spjallmennisins að mínum, með hefðbundnum fyrirvörum, þá vil ég nýta tækifærið fyrir hönd félagsins og óska félagsmönnum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.

Stefán A. Svansson

Gledileg jól, farsælt komandi ár



REYKJAVÍK

Alskil hf.

Suðurlandsbraut 30
108 Reykjavík

AM Praxis lögfræðistofa

Kirkjuteigi 21
105 Reykjavík

Arctica Finance hf.

Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Bonafide lögmenn/ráðgjöf sf.

Pósthússtræti 3
101 Reykjavík

Draupnir lögmennspjónusta ehf.

Höfðabakka 9
110 Reykjavík

E. Sigurjónsson lögmennsstofa ehf.

Suðurlandsbraut 4
108 Reykjavík

Eðalklæði ehf

Langholti 128
104 Reykjavík

Íslenska lögfræðistofan

Grandagarði 5
101 Reykjavík

Lagadeild Háskóla Íslands

Pökkum samstarfið á árinu.
Sæmundargötu 2
102 Reykjavík

Juralis, lögmennsstofa

Suðurlandsbraut 20
108 Reykjavík

K·R·S·T Lögmenn

Hafnarhvoli
Tryggvagötu 11
101 Reykjavík

LAG Lögmenn

Ingólfsstræti 5
101 Reykjavík

Lausnir lögmennsstofa sf.

Suðurlandsbraut 52
108 Reykjavík

Lögfræðipjónusta Sigurðar Sigurjónssonar hrl.

Kirkjuteigi 21
105 Reykjavík

Lögmennsstofa Jóns G Briem hrl.

Skipholti 50b
105 Reykjavík

Lögmál ehf

Skólavörðustíg 12
101 Reykjavík

Lögmenn Árbæ slf.

Nethyl 2
110 Reykjavík

Lögmenn Lækjargötu ehf.

Laugavegi 31
101 Reykjavík

Málsefni lögmennspjónusta / Legal Iceland Law Services

www.legaliceland.com

Nordic lögfræðipjónusta

Skólavörðustíg 24
101 Reykjavík

P.Ó. ráðgjöf – lögmennsstofa

Skipholti 50d
105 Reykjavík

Reykvískir lögmenn slf.

Pósthússtræti 3
101 Reykjavík

Sigurjónsson & Thor ehf.

Lágmúla 7
108 Reykjavík

Vík lögmennsstofa ehf

Laugavegi 77
101 Reykjavík

KÓPAVOGUR

Land lögmenn ehf

Hlíðasmára 9
201 Kópavogur

STYKKISHÓLMUR

Málflutningsstofa Snæfellsness

Borgarbraut 2
340 Stykkishólmi

HÚSAVÍK

North Legal Services

Jóhannes Már Sigurðarson lögfræðingur
641 Húsavík

ESKIFJÖRDUR

Réttvísi ehf lögmennsstofa

Strandgötu 19a
735 Eskifirði



réttur
Adalsteinsson & Partners



terra



ADVEL



LÖGMANNSSTOFA

Pacta.

Á TRÚNÓ Í SÍÐASTA SINN

ARI KARLSSON
RITSTJÓRI



Pistill þessi hefst á játningu ritstjórans sem hann hefur aldrei sagt öðrum.

Allt frá ellefu ára aldri var ég innst inni harðákveðinn í að læra lögfræði þegar ég yrði stór. Ég þóttist hins vegar vera alls óákveðinn í því hvað ég ætlaði að verða, og nefndi önnur störf eða greinar þegar einhver spurði. Innst inni vissi ég að um leið og stúdentspróf væri í höfn myndi ég innrita mig í lögfræði. Fór sem fór. Lítið er ungs manns gaman.

Líklegast hafði það eitthvað með það að gera að faðir minn og afi voru báðir lögfræðingar. Sem barn var ég stöku sinnum tekinn með þegar karl faðir minn sinni skyldustörfum sínum; stundum í aftursætinu á lögreglu-Volvo eða að taka skreppitúr út á land á uppboð. Ég tek fram að á níunda áratug síðustu aldar var minna um skipulögð námskeið og skemmtun fyrir börn en nú er. En ég ólst upp við samtöl þeirra um lögfræðileg efni þótt ég hafi nú skilið minnst af því sem fram fór.

Ég sá lögfræðistarfið fyrir mér sem heim jakkafataklæddra karla (og einstakra kvenna), með alla veggi stútfulla af lagadoðröntum á skrifstofunum og skrifuðu þar bréf og samninga og tókust á fyrir dómstólunum af mikilli snilld. Þetta var heimur ritvéla og löggilds skjala- og kalkipappírs þar sem lögfræðingar voru með nefið í bókum og blöðum og skjölum.

Um hvað starfið sjálft snerist vissi ég hins vegar lítið fyrr en mér skolaði um aldamótin í Lagadeild Háskóla Íslands. Hvort sem það var af genetískum, uppeldislegum eða öðrum orsökum fannst mér lögfræðin skemmtileg, margbreytileg og hentaði ágætlega upplagi mínu og áhugasviði.

Þegar ég innritaði mig var internetið að slíta barnsskónum og tölvupóstur kominn. Lagasafn Alþingis var nýlega komið á netið og sama átti við um dóma Hæstaréttar frá árinu 1999. Eldri

dóma las maður á Lögbergi og ég gat gleymt mér tímunum saman við að lesa þá – ekki bara þá sem voru í námsefninu. Það hefur oft komið sér vel að ráma í dóm sem maður las fyrir löngu í tengslum við verkefni dagsins eða bara til þess að geta slegið um sig á kaffistofunni.

Í upphafi aldarinnar óraði okkur ekki fyrir því hversu mikið upplýsingatæknin myndi breyta öllum vinnuaðstæðum. Nú eru flestar upplýsingar á internetinu, laga- og dómasöfnin farin veg allrar veraldar og öll vinnan smám saman að verða stafræn og pappírslaus.

En nú er það gervigreindin sem líklegast mun umbylta störfum okkar í annað sinn á aldarfjórðungi. Um hana er ekki aðeins fjallað í þessu tölublaði; heldur hefur hún samið spurningar í viðtali í blaðinu og formaðurinn birtir pistil sem gervigreindin skrifaði fyrir hann. Við stöndum sannarlega á tímamótum hvað þetta varðar. Líklegast eigum við, sem erum dálitlir „viturbetrungar“ í okkur, ekki roð í gervigreindina, einkum þegar henni vex ásmegin. Um það hvernig hún breytir störfum okkar í framtíðinni ætla ég ekki að spá frekar í þessum ritstjórastíli, þeim sextánda sem þessi ritstjóri skrifar. Hann er jafnframt sá síðasti þar sem á nýju ári tekur nýr ritstjóri og ritnefnd við keflinu.

Ég vil nota tækifærið og þakka ritnefndinni og þá sérstaklega hinum einstaka aðstoðarritstjóra, Eyrúnu Ingadóttur, fyrir frábærlega gott og skemmtilegt samstarf. Öllum þeim sem lögðu til efni í tölublaðin sextán færi ég þakkið okkar og lesendum öllum fyrir áhugann.

Að því sögðu – og venju samkvæmt – óskar ritnefnd Lögmannablaðsins lesendum blaðsins, nær og fjær, til sjávar og sveita, gleðilegra jóla og farsælar á komandi ári.



Um 110 manns mættu á fundinn á Nauthól en að auki fylgdust um 60 manns með í fjarfundi. F.v. Berglind Einarsdóttir, Jón Gunnar Ásbjörnsson, Áslaug Björgvinsdóttir og Hjördís Halldórsdóttir.

FRÆÐSLUFUNDUR MEÐ JÓLAÍVAFI:


NAUÐSYN UPPLÝSINGATÆKNIKUNNÁTTU FYRIR LÖGFRÆÐINGA

Í aðdraganda jóla blésu Lögmannafélag Íslands og Lögfræðingafélag Íslands til fræðslufundar um gervigreind og lögfræði til að ræða um hvað þyrfti að varast, hvort efnið sem yrði til væri höfundaréttarvarið og hverjir væru snertifletir gervigreindar við siðareglur lögmanna. Framsögumenn voru þau Berglind Einarsdóttir lögfræðingur og sérfræðingur í upplýsingatæknikerfum og gervigreind, eigandi Bentt, Áslaug Björgvinsdóttir lögmaður á LOGOS og Jón Gunnar Ásbjörnsson lögmaður á Landslögum og formaður laganefundar lögmanna. Hjördís Halldórsdóttir formaður Lögfræðingafélagsins stjórnaði fundi.

Skilningur á virkni mikilvægur

Fyrst fjallaði Berglind Einarsdóttir um hvernig við gætum notað gervigreind og lagði áherslu á mikilvægi þess að lögfræðingar hefðu skilning á hvernig hún virkaði. Mállíkon væru aðeins ein gerð gervigreindar, en gervigreind og lögfræði væru svolítið eins og tvö ólík tungumál. Berglind sagði „prompta“ mjög mikilvæga þegar unnið væri með gervigreind og þá þyrfti að hafa þrjú atriði í huga. Í fyrsta lagi þyrfti að vera kurteis við gervigreindina, í öðru lagi að setja hana í hlutverk og í þriðja lagi að vera skýr og nákvæmur um það sem beðið væri um þannig að útkoman sé til þess fallin að koma að gagni.

Berglind fór yfir hvaða mállíkan tilheyrði hverjum og hver munurinn væri á þeim. Þannig væri Copilot í öruggu umhverfi Microsoft en aftur á móti væri ChatGTP aðeins óljósara og því gætum við ekki treyst því hvar og hvort gögnin væru geymd rétt. Berglind undirstrikaði mikilvægi þess að málsaðilar og dómamar skilji virkni gervigreindar enda væru mál þegar byrjuð að fara fyrir dómstóla þar sem reyndi á annað en bara hvernig upplýsingar eru geymdar eða hvernig málsmeðferð stjórnvalda er háttáð. Hún sagði að við mætum aldrei treysta gervigreind 100% og við yrðum alltaf að ritskoða og taka endanlega ákvörðun sjálf.



Berglind fór yfir hvaða mállíkan tilheyrði hverjum og hver munurinn væri á þeim. Þannig væri Copilot í öruggu umhverfi Microsoft en aftur á móti væri ChatGPT aðeins óljósara og því gætum við ekki treyst því hvar og hvort gögnin væru geymd rétt.

Þess má geta að Berglind verður með námskeið hjá LMFÍ í lok febrúar.

Höfundavernd og gervigreind

Áslaug Björgvinsdóttir fjallaði um hvort verk sem sköpuð eru með notkun gervigreindartóla gætu notið höfundaverndar og fór yfir þau skilyrði sem þyrftu að uppfylla; að verkið teljist til bókmennta, lista eða tölvuforríta, að verkið sé skapað af einstaklingi, að það uppfylli kröfur um andlega sköpun höfundar auk þess sem verkin þurfa að vera „tjáð“, þar sem hugmyndir njóta ekki verndar. Verk sem væru alfarið sköpuð með notkun gervigreindartóla gætu ekki notið höfundaverndar, þar sem slík verk uppfylltu ekki skilyrði um andlega sköpun einstaklinga en eftir stæði spurningin um verk þar sem höfundur nýtir sér gervigreindartól við gerð verks. Áslaug fór yfir þá framkvæmd sem fyrir liggur erlendis og nefndi meðal annars ákvarðanir frá Bandaríkjunum þar sem skráningu á höfundarétti hefur verið hafnað fyrir verk sem sköpuð hafa verið með aðstoð gervigreindartóla. Þar á meðal var ákvörðun þar sem vernd var hafnað að listaverki sem skapað hefði verið með notkun gervigreindartóls þrátt fyrir að einstaklingurinn sem sótti um vernd hafði veitt tólinu 624 fyrirmæli við gerð myndarinnar og eytt 80 tímum í að vinna að henni, en verkið var ekki talið uppfylla skilyrði um andlega sköpun. Þá nefndi Áslaug jafnframt dóm frá Kína til samanburðar þar sem vernd var veitt að ljósmynd með hliðsjón af þeim fyrirmælum sem einstaklingurinn hafði notað við gerð myndarinnar, en þau voru talin uppfylla skilyrðið um andlega sköpun.

Enn hafa íslenskir dómstólar ekki svarað þessari spurningu um vernd verka sem sköpuð eru með notkun gervigreindartóla en Áslaug taldi að verk, sem sköpuð eru með aðstoð gervigreindartóla, muni njóta verndar í framtíðinni ef að framlag

höfunda er mikið. Við mat á framlagi höfunda mætti líta til dóma Evrópudómstólsins varðandi höfundavernd ljósmynda þar sem áhersla hefur verið lögð á aðkomu ljósmyndara að ferlinu, á mismunandi stigum, jafnvel þó svo að ljósmyndin sjálf sé að hluta unnin með tækni.

Trúnaður og gervigreind

Jón Gunnar Ásbjörnsson sagði Lögmannafélagið hafa velt fyrir sér hvort tilefni væri til að gera breytingar á siðareglum vegna tilkomu gervigreindar en að það hefði ekki þótt tímabært. Niðurstaðan væri sú að gefa út leiðbeiningar til lögmanna sem nú væri verið að vinna að.

Í tengslum við þagnarskyldu lögmanna þyrftu í dag að umgangast mállíkön, líkt og ChatGPT, eins og samskipti sem séu öllum almenningi aðgengileg og að enginn trúnaður ríki um þau en að það kunni að breytast. Í Bandaríkjunum væri til dæmis bannað að „mata“ gervigreind með trúnaðarupplýsingum nema með upplýstu samþykki umbjóðanda. Þá fjallaði Jón Gunnar um að gervigreind gæti ekki komið í stað sérfræðipækkingar lögmanns og við notkun mállíkana yrði lögmaður að gæta þess að fara yfir allar niðurstöður. Lögmenn þyrftu enda að forðast í lengstu lög að veita viðskiptavinum ranga eða ófullnægjandi ráðgjöf og mættu aldrei gegn betri vitund gefa dómstólum rangar eða villandi upplýsingar um staðreyndir eða lagaatriði. Í ljósi þess að gervigreindarforrit gætu gert mistök og gefið rangar og óáreiðanlegar niðurstöður, gæti gagnrýnilaus nýting þeirra gengið í berhöggið við skyldur lögmanna.

Jón Gunnar sagði að lögmenn þyrftu að hafa viðunandi skilning og kunnáttu á gervigreind til að geta notað hana og veitt lögfræðiráðgjöf sem uppfyllti kröfur um gæði. Einnig þyrftu

HIN NÝJA VERKFÆRAKISTA LÖGFRÆÐINGA

Notebook: Er Google-lausn sem býr til hlaðvarp úr efni, t.d. skýrslum, sem hægt er síðan að hlusta á.

Jónsbók: svarar spurningum um lög, framkvæmir lagarannsóknir og skrifar lagatexta.

Lögmennið: Fons Juris er með Lögmennið sem reifar dóma með hjálp gervigreindar, svarar spurningum og semur drög að tölvupósti byggðum á efni skjals eða heimildar.

fordaemi.is: Greinir um 150.000 dóma og úrskurði frá Íslandi og EU, sem og frá ýmsum nefndum og úrskurðaraðilum, og finnur fordæmi.

Lagaviti: Vinnur úr réttarheimildum og kemur með drög að álitum fyrir lögfræðinga í öruggu umhverfi.

að tryggja að starfsfólk lögmennsstofa þekkti þessar skyldur. „Samfélagið getur breyst þannig að við verðum tilneydd að tileinka okkur tækni,“ sagði Jón Gunnar og benti á að samkvæmt 1. mgr. a, 40. gr. Siðareglna lögmanna, sem segir m.a. að lögmanni sé skylt að viðhalda faglegri hæfni, gæti lögmönnum verði skylt að tileinka sér gervigreind í náninni framtíð.

Í lokin

Líflegar umræður sköpuðust í lok fundar og m.a. ræddi Guðrún Björk Bjarnadóttir framkvæmdastjóri STEFs um þær áskoranir sem listgreinar stæðu frammi fyrir en höfundavernd verka, sem væru sköpuð með aðstoð gervigreindar, væru flókið mál sem íslenskir dómstólar myndu þurfa að taka afstöðu til í náninni framtíð. Framsögumenn voru sammála um að upplýsingateknikunnátta og skilningur á gervigreind væru nauðsynleg fyrir lögfræðinga í nútímanum.



Lagaviti

er öflugur aðstoðarmaður lögfræðinga,
hannaður af lögfræðingum fyrir lögfræðinga!

Skráðu þig á póstlistann og fáðu nýjustu fréttir!

www.lagaviti.is



Kristín Benediktsdóttir.

Ljós. Hulda Margrét.

Kristín Benediktsdóttir var kjörin umboðsmaður Alþingis í lok september síðastliðnum og er þar með fjórða manneskjan til að gegna embættinu; á eftir Gauki Jörundssyni, Tryggva Gunnarssyni og Skúla Magnússyni, frá því það tók til starfa árið 1988. Kristín átti sér annan starfsferil sem fiðluleikari og fiðlukennari áður en hún hóf nám í Lagadeild Háskóla Íslands og hefur síðan þá gegnt fjölda trúnaðarstarfa í samfélagi lögfræðinga. Bládamenn *Lögmannaþingsins* heimsóttu Kristínu á nýjum vinnustað í miðbænum og forvitnuðust um náms- og starfsferil hennar.

„UMBODSMAÐUR ALÞINGIS ER ORÐIN HÚN“

Tónlist og lögfræði nátengd

Það er óhætt að segja að þú hafir farið óhefðbundna leið í námi þar sem þú byrjaðir á því að ljúka fiðlukennaraþrófi árið 1990 og burtfararþrófi í fiðluleik árið 1992. Hvað kom til að þú tókst U beygju og hófst nám í lögfræði?

Þegar ég var í framhaldsnámi í Hollandi var verið að leggja niður margar sífóníuhljómsveitir og landslagið í tónlistinni að breytast. Þannig má segja að útlitið hafi ekki verið beint hjart fyrir þau sem voru í námi og ætluðu að leggja þetta fyrir sig. Á þessum tíma hafði ég líka fengið ýmis tækifæri, eins og til dæmis að spila með Sífóníuhljómsveit Íslands og Íslensku óperunni og mér fannst allt í einu vera kominn réttur tími til að prófa eitthvað annað og feta nýjar slóðir. Ég hafði haft svolítinn áhuga á lögfræði og ákvað því að prófa að fara í Háskóla Íslands. Mér fannst sérstaklega gaman í náminu og ekki síður skemmtilegt að vera í bekk eftir að hafa tekið stúdentspróf frá MH. Ég útskrifaðist úr Lagadeildinni eldri en flestir í mínum árgangi eða 31 árs gömul.

Starfaðir þú við tónlistina áður en þú hófst laganámið?

Já, ég var tónlistarkennari í sjö ár með námi og kenndi einnig á meðan ég var í laganámi. Ég kenndi í hinum ýmsu tónlistarskólum, til dæmis í Suzuki tónlistarskólanum og einn vetur í Vestmannaeyjum. Þá spilaði ég á hinum ýmsu viðburðum og með Sífóníunni og óperunni. Mér þykir mjög vænt um þetta fyrra líf mitt enda kynntist ég mörgu góðu fólki og var heppin með kennara. Nú er dóttir mín, 18 ára, að fara taka

framhaldpróf á fiðlu og með henni endurnýjaði ég kynnin við tónlistarskólana sem ég var í hér heima.

Er eitthvað líkt með lögfræði og tónlist?

Tónlist og lögfræði eru nátengd því bæði fögin ganga út á það að túlka og skapa; hvort sem það eru nótur eða lagatexti. Mér hefur alltaf fundist að tónlistarnámið hafi komið sér vel í lögfræðinni. Ég er menntaður fiðlukennari og ég gantaðist stundum með það í Lagadeildinni að ég væri eini kennarinn með kennaraþróf!

Mun sakna nemenda

Viðkomustaðir þínir í lögfræðinni hafa verið stjórnkerfið, dómskerfið og fræðasamfélagið en auk þess starfaðir þú sem sjálfstætt starfandi lögmaður árin 2007-2012. Hvernig líkaði þér lögmennskan?

Ég kunní vel við mig en ég var sjálfstætt starfandi lögmaður á lögmennsstofu með Kristni Bjarnasyni, Friðjóni Erni Friðjónssyni, Brynjari Níelssyni, Sigurmar K. Albertssyni, Gizuri Bergsteinsyni, Guðmundi Óla Björgvinsyni, Halldóri Backman og Skúla E. Sigurz. Ég hafði byrjað að kenna sem stundakennari við Lagadeild Háskóla Íslands árið 2002 og smám saman fór akademían að toga fastar í mig og þangað fór ég alfarin árið 2012 þegar ég hóf störf sem lektor í réttarfari. Á þessum árum sat ég í hinum ýmsum stjórnáslunefndum og hélt því áfram þar til ég tók við starfi umboðsmanns.

Hvað hefur verið skemmtilegast af þessum störfum?

Það var mjög gaman að vera í dómstólunum, bæði sem

aðstoðarmaður í Hæstarétti og svo sem dómari, en ég var settur dómari við Landsrétt nú í haust í sex vikur. Þá var líka gaman að starfa í fræðasamfélaginu í Háskóla Íslands með frábærum samstarfsmönnum og að umgangast laganemana sem er auðvitað mjög gefandi og mun ég sakna þeirra.

Í sumar hlaustu framgang í starf prófessors við Háskóla Íslands. Var starf umboðsmanns Alþingis eitthvað sem þú stefndir á?

Nei, ég hef aldrei stefnt á neitt og því má segja að allt sem ég hef fengist við hafi verið háð tilviljunum. Sem laganemi hóf ég störf í ráðuneyti og ég var þar einnig eftir útskrift í nokkra mánuði. Þá bauðst mér starf hjá umboðsmanni Alþingis og það var mjög góður skóli þar sem ég lærði vinnubrögð sem hafa nýst mér í öllu sem ég hef tekið mér fyrir hendur. Þremur árum síðar varð ég aðstoðarmaður dómara í Hæstarétti. Ég naut þess alveg sérstaklega að starfa þar. Þar var allt annar andi, meiri hraði og spenna. Álagið var meira en mér var tekið vel frá fyrsta degi og treyst til að sinna mjög skemmtilegum verkefnum. Það var líka frábær vinnustaður. Ég var síðan aftur hjá umboðsmanni 2005 til 2006 þegar ég fór í lögmennskuna.

Erum hætt að þera þau sem kvarta

Nú eru 18 ár síðan þú vannst síðast hjá umboðsmanni og ýmsar samfélagslegar breytingar hafa orðið á þeim tíma. Hefur embættið breyst?

Já, það eru til dæmis mun fleiri starfsmenn og miklu fleiri mál eða um helmingi fleiri kvartanir auk þess sem frumkvæðismálin eru fleiri. Þá er sérstök skrifstofa sem sér um eftirlit með aðstæðum frelsissviptra. eru gefnar út sérstakar skýrslur á ári hverju um heimsóknir í fangelsi og geðdeildir svo dæmi sé tekið. Við vorum sjö þegar ég hætti fyrst á sínum tíma, svo níu þegar ég hætti í seinna skiptið og nú erum við 18 talsins. Það er einnig mun meiri hraði á öllu. Umboðsmaður býr svo vel að vera með einstaklega öflugt og gott starfsfólk.

Er von á áherslubreytingum hjá umboðsmanni Alþingis?

Já, það urðu strax breytingar fyrsta daginn þegar umboðsmaður Alþingis varð hún en ekki hann. Þann dag var líka hætt að þera þau sem kvörtuðu til umboðsmanns. Svo mun númerakerfið breytast frá áramótum. Nú eru málin orðin rúmlega 13.000 og hefur númerakerfið rúllað frá stofnun embættisins. Fyrsta mál ársins 2025 verður aftur á móti númer 1. Ég ákvað líka að skapa nýtt heildarútlit umboðsmanns Alþingis í samvinnu við starfsmenn embættisins. Sem dæmi þá verður letrinu breytt í bréfum og álitum umboðsmanns og skýrslurnar fá annað útlit. Auðvitað stefni ég á að halda áfram því góða starfi sem embættið hefur verið þekkt fyrir þessa áratugi sem það hefur verið starfrækt og viðhalda því trausti sem það hefur áunnið sér. Við hjá embættinu munum samt opna gluggann og horfa út, anda að okkur fersku lofti enda eðlilegt að með nýju fólki komi

nýjar áherslur. Svo er ég líka að breyta skrifstofunni sem ég hef til afnota í þessu fallega og sögufræga húsi en hún hentar mér ekki.

Nú eru stjórnsýslulögin komin á fertugsaldurinn, eru stjórnvöld ekki farin að kunna þetta betur?

Jú, það myndi ég segja. Álitum hefur fækkað og það eru komnar í staðinn ábendingar til stjórnvalda þegar málum er lokið með bréfum ef eitthvað er aðfinnsluvert. Nokkuð stór hluti þeirra 500 mála sem eru tekin fyrir á ári hverju eru tafamál þar sem stjórnsýslan er ekki að svara erindum innan tilskilins frests. Þá eru ný og flóknari vandamál en áður sem fylgja því samfélagi sem við búum í. Það sem mig langar sérstaklega að gera er að leggja áherslu á leiðbeiningarhlutverk umboðsmanns gagnvart almenningi og stjórnsýslunni. Til að mynda stefni ég á að vera ásamt öðru með betri og einfaldari upplýsingar á heimasíðunni. Það er mikilvægt að borgararnir upplifi sig velkomna til umboðsmanns og að umboðsmaður sé úrræði sem skipti þá máli. Þetta er líka mikilvægt fyrir stjórnvöld. Í því felst eftirlit og aðhald umboðsmanns og ekki síður leiðbeiningar til handa stjórnvöldum þar sem við viljum öll að hún sé skilvirk og fari að lögum.

Karlar kvarta mun oftast en konur

Er eitthvað sem kemur á óvart?

Það er raunar eitt sem vekur athygli og það er eitthvað sem hefur í raun ekki breyst á þeim 25 árum þegar ég byrjaði fyrst að vinna hjá umboðsmanni. Karlar eru í miklum meirihluta þeirra sem kvarta til umboðsmanns. Ég veit ekki af hverju þetta er en mér finnst rétt að fylgjast með þessu og mögulega er þetta eitthvað sem þarf frekari skoðunar við af hálfu embættisins.

Í lokin, spilar þú ennþá á fiðluna?

Já, það vill svo skemmtilega til að um svipað leyti og ég var kjörin umboðsmaður Alþingis þá fékk ég boð frá mínum gamla kennara, Guðnýju Guðmundsdóttur, þar sem hún bauð öllum fyrrum nemendum sínum að spila á tónleikum og fagna 50 ára kennaraafmæli hennar í lok desember. Ég hef í gegnum árin reynt að sinna fiðlunni eins og ég get og nú hlakka ég til að taka þátt í þessu verkefni.

Ari Karlsson og Eyrún Ingadóttir

Gledileg jól, farsælt komandi ár



HÍ

LAGADEILD

BBA // FJELDCO



LMG
LÖGMENN

Deloitte.
Legal



LÖGMANNSSTOFAN
SÆVAR ÞÓR & PARTNERS

TRAUST LÖGMANNSÞJÓNUSTA Í 15 ÁR



LR

Lögfræðistofa Reykjavíkur



Mörkin lögmannsstofa hf.
Suðurlandsbraut 4, 3. hæð, 108 Reykjavík
Sími 414 4100 · www.law.is

FORTIS
Lögmannsstofa

LANDSLÖG

LÖGFRÆÐISTOFA

SLYSABÆ+UR.is



Claudia & Partners




Lögheimtan



Lögmannsstofa
ÓLAFS BJÖRNSSONAR

RÉTTARVÖRSLUGÁTT Á GÓÐRI LEIÐ

Í lok október var haldinn kynningarfundur fyrir lögmenn vegna innleiðingar ákærumála í Réttarvörslugátt en nú eiga ákæru í umferðarlagabrotum að berast héraðsdómstólum í gegnum gáttina. Á næstu mánuðum verða öll ákærumál innleidd í Réttarvörslugátt og því næst aðrar málategundir smám saman en ljóst er að rafrænt réttarkerfi mun spara mörg sporin og gera starf lögmanna sem og dómara auðveldara. Hér á eftir kemur smá innsýn í hinn nýja veruleika.



Fyrirkall

Flæði mála er með þeim hætti að lögreglustjóri staðfestir ákæru með rafrænni staðfestingu í Réttarvörslugátt og við það fær dómstóllinn tilkynningu um að ný ákæra hafi borist. Dómstóllinn tekur við ákærunni, stofnar mál og gefur númer. Svo er málinu úthlutað til dómara og dómritara og fyrirkall útbúið í Réttarvörslugátt. Að því loknu er fyrirkallið og ákæran send í birtingu í stafrænu pósthólfi ákærða. Samhliða eru skjölin send í Birting, nýtt birtingatöl lögreglunnar, þar sem lögreglan hefur yfirsýn yfir öll skjöl sem eru í birtingaferli.

„Hnipp“ til ákærða

Ákærði fær „hnipp“ um að hans bíði áriðandi skjal á island.is. Í stafræna pósthólfinu sér ákærði að honum hafi borist ákæra og boðun í dóm. Þar hefur hann val um að opna erindið og þá fái lögregla og dómstólar tilkynningu um staðfestingu á móttöku eða að hafna því að opna erindið en þá verði leitað annarra leiða við að birta skjölin fyrir honum með aðstoð lögreglu. Ef ákærði opnar erindið telst ákæran birt. Ef hins vegar erindið liggur óhreyft eða óopnað í ákveðinn tíma þá fer það í hefðbundna birtingu. Eftir að birting hefur farið fram getur hinn ákærði síðan sótt skjölin sem pdf og valið sér verjanda.

[← Til baka í yfirlit](#)

Lög og reglur

Yfirlit

Dómsmál

hann vidurkenni að hafa framið brot það sem hann er akærður fyrir og domur verði lagður á málið að honum fjarstöddum.

Birtingarfrestur er þrjú sólarhringar.

Val á verjanda

Ég óska ekki eftir verjanda

Ég óska þess að valinn lögmaður verði skipaður verjandi minn

Ég óska eftir fresti fram að þingfestingu til þess að tilnefna verjanda

Þingfesting

Á island.is – undir „Mínar síður – Lög og reglur“ birtast upplýsingar um hvar og hvenær þingfesting máls fer fram. Þá getur ákærði merkt við hvort hann óski eftir verjanda eða beðið um frest fram að þingfestingu til að tilnefna hann. Ákærði getur einnig falið dómara málsins að tilnefna og skipa verjanda en ef hann vill velja sjálfur þá kemur upp fellilisti með nöfnum verjanda sem tengdur er heimasíðu LMFÍ. Val ákærða skilar sér svo í Réttarvörslugátt og verður aðgengilegt dómstólnum þar.

Þegar verjandi hefur verið skráður á mál fær hann tölvupóst um að viðkomandi dómstóll hafi skráð hann sem verjanda í máli númer S-xxx/2024 og fylgir hlekkur á yfirlitssíðu málsins í Réttarvörslugátt þar sem gögn málsins liggja þegar fyrir.

Sýn verjenda

Verjendur sjá yfirlit yfir sín mál í Réttarvörslugátt og stöðu þeirra. Öll skjöl eru aðgengileg undir málinu, þ.m.t. þingbók. Þá er skjalaskrá rannsóknargagna gagnvirk, þ.e. hægt að smella á skjöl beint úr efnisyfirlitinu, en einnig geta sækjendur, verjendur og réttargæslumenn hlaðið upp nýjum skjölum í Réttarvörslugátt í stað þess að mæta með þau á pappír. Lögmenn og sækjendur

fá jafnframt fundarboð í tölvupósti frá Réttarvörslugátt í öll þinghöld.

Þegar máli er lokið staðfestir dómari dóminn með rafrænni staðfestingu í Réttarvörslugátt. Þá fá málflytjendur tölvupóst um að dómur hafi verið kveðinn upp og að hann sé aðgengilegur í Réttarvörslugátt. Stefnt er að því að áfrýjun til Landsréttar fari einnig í gegnum Réttarvörslugáttina þegar fram líða stundir.

Pappírslaut dómskerfi

Ekki verður lengur þörf á því að skila dómstólum gögnum á pappír í þeim málum sem eru rekin í gegnum Réttarvörslugáttina og heldur ekki þörf á því að undirrita skjöl sem eru hlaðin þar upp enda hefur viðkomandi skráð sig inn með rafrænum skilríkjum.

Ef lögmenn lenda í vandræðum með Réttarvörslugáttina geta þeir leitað til héraðsdóms en dómstólasýslan vill gjarnan fá gagnlegar ábendingar á netfangið rettarvorslugatt@island.is.


Málin þín

Hér er yfirlit yfir mál sem þú átt aðild að í umboði skjólstaðinga.

Mál í vinnslu Afgreidd mál

Sakamál Rannsóknarmál

Málsnúmer	Varnaraðili	Tegund	Stofnað	Staða	Fyrirtaka
S-461/2024 007-2024-7414	Gervimaður Grænland kt. 010130-2639	Ákæra	30.10.2024	Á dagskrá	Frestað
S-462/2024 007-2024-11338	Karl Ólausen kt. 311085-3449	Ákæra	29.10.2024	Á dagskrá	Aðalmeðferð Þri. 05.11.2024 kl. 10:30



Mikill áhugi var meðal lögfræðinga á málstofu um úrskurðarnefndir sem var ein sú best sóttá á Lagadaginn.

ER KOMINN TÍMI Á STJÓRNSÝSLUDÓMSTÓL?

Það má til sanns vegar færa að embætti umboðsmanns Alþingis hafi verið alltumlykjandi á málstofu Lagadagsins 2024 þar sem sjálfstæðar stjórnsýslunefndir voru til umfjöllunar. Yfirskrift málstofunnar var *Kæru- og úrskurðarnefndir: Er kominn tími á stjórnsýsludómstól?* en frummælendur voru Kristín Benediktsdóttir, þá nýkjörin umboðsmaður Alþingis, Anna Rut Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri hjá umboðsmanni Alþingis og Ásgerður Snævarr, lögfræðingur yfirstjórnar matvælaráðuneytisins og áður lögfræðingur hjá umboðsmanni. Málstofustjóri var Oddur Þorri Viðarsson, þá lögfræðingur hjá sama embætti en nú dómari við Héraðsdóm Vestfjarða.

Erindin byggðu á grunni tveggja skýrslna en sú fyrri birtist árið 2019 og var unnin að beiðni forsætisráðherra í tilefni af aldarfjórðungsafmæli stjórnsýslulaganna. Skýrsluhöfundur var Páll Hreinsson, dómari við EFTA-dómstólinn. Sú síðari kom út í janúar 2021 og var unnin af Páli og Kristínu Benediktsdóttur. Hún byggði á grunni þeirrar fyrri og fjallaði um fýsileika þess að fækka sjálfstæðum kæru- og úrskurðarnefndum og færa verkefni þeirra til dómstóla, þá ýmist í almenna dómkerfið eða að komið yrði á fót sérstökum stjórnsýsludómstól.

Ástandið í samfélaginu á þeim tíma varð til þess að hvorug skýrslanna fékk þá athygli og umræðu sem umfjöllunarefnið á skilið og var úr því bætt á lagadeginum.

Ekki raunhæfur möguleiki sem stendur

Í framsögu Kristínar Benediktsdóttur var fjallað um megindrætti síðari skýrslunnar og þau rök sem mæla með og á móti því að sérstökum stjórnsýsludómstól verði komið á fót hérlendis og kæmi slíkur dómstóll þá í stað sjálfstæðra úrskurðarnefnda sem fyrir eru á fleti. Slíkt fyrirkomulag þekkist t.a.m. í Svíþjóð, Þýskalandi og Frakklandi og umræður um stofnun slíks dómstóls hafa átt sér stað í Noregi og Danmörku.

Kristín benti á að útgangspunkturinn væri ávallt réttaröryggi borgaranna. Að mörgu leyti næðu sjálfstæðu úrskurðarnefndirnar, eins og við þekkjum þær nú, ágætlega að tryggja það. Úrskurðarvald þeirra næði jafnt til forms og efnis ákvarðana lægra setts stjórnvalds og á nefndunum hvíldi sjálfstæð skylda



Kristín Benediksdóttir.



Anna Rut Kristjánsdóttir.



Ásgerður Snævarr.

til að upplýsa málin. Af því leiddi að borgarar þyrftu ekki nauðsynlega sérfræðiaðstoð við málareksturinn, sem aftur á móti væri til þess fallinn að halda kostnaði í hófi. Þá gætu nefndirnar tekið nýjar ákvarðanir en slíkt væri ekki á færi dómstóla.

Enn fremur kom fram að ýmsar útfærslur og möguleikar væru á staðsetningu slíks stjórnsludómstóls innan dómkerfisins. Slíkum dómstólum fylgdu sérstakar réttarfarsreglur, málsmeðferð væri skrifleg að meginstefnu og slíkur dómstóll myndi einvörðungu leiða til lykta ágreiningu sem sprytti úr stjórnslumálum.

Niðurstaða yfirferðar Kristínar, sem og skýrslunnar frá 2021, var sú að sem stendur hnigu rök til þess að koma slíkum dómstól ekki á fót. Viðbúið væri að kostnaður yrði umtalsvert meiri en við kærú- og úrskurðarnefndirnar, auk þess að sérfræðipækking á málaflokkum yrði ekki jafn mikil þar og í nefndunum. Enn fremur gæti komið upp ágreiningur um valdmörk milli dómstiga. Þess í stað væri brýnt að tryggja skýran lagaramma kærú- og úrskurðarnefnda, m.a. varðandi sjálfstæði þeirra og aðbúnað, og eftir atvikum ætti að skoða hvort taka ætti upp sérstakar réttarfarsreglur um meðferð stjórnslumála fyrir dómstólum til að tryggja raunhæfa endurskoðun á ákvörðunum stjórnvalda og nefndanna.

Aftur inn í ráðuneytin?

Sjálfstæðum stjórnslunefndum hefur fjölgað nokkuð síðustu ár og í upphafi erindis síns benti Anna Rut Kristjánsdóttir á að slíkar nefndir eru í raun frávik frá þeirri meginreglu að það séu ráðherrar sem bera ábyrgð á stjórnarmálefnum öllum.

„Oft eru færð fyrir því góð rök – ég kemst upp með að segja þetta því ég sit í svona nefnd – að færa andlitslausu fólki úti í bæ

verkefni sem annars væru í höndum ráðherra,“ sagði Anna Rut. Það væri hins vegar ekki algilt, stundum væru lögskýringargögn heiðarleg um að með fyrirkomulaginu væri því forðað að ráðherra þyrftu að taka óvinsælar ákvarðanir.

Þetta fyrirkomulag, þ.e. fjölgun sjálfstæðra nefnda, gæti falið í sér að erfiðara gæti verið fyrir þing og kjósendur að láta ráðherra sæta lagalegri og pólitískri ábyrgð. Að sama skapi þá væru nefndarmenn ábyrgðarlausir af embættisverkunum og möguleiki á að yfirsýn ráðherra yfir framkvæmd laga yrði verri en ef úrskurðir á æðra stjórnslustigi væru í hendi ráðherra og ráðuneyta, líkt og meginregla stjórnskipanarinnar geri ráð fyrir. Anna Rut velti enn fremur upp þeim möguleika, ef að leggja ætti í vinnu við að fækka úrskurðarnefndum, hvort ekki væri rétt í einhverjum tilfellum að færa störf og sérfræðipækkingu nefndanna aftur inn í ráðuneytin. Hið sama gildi þegar til skoðunar væri að koma á fót nýrri nefnd. Sem fyrr væri útgangspunkturinn ávallt réttaröryggi borgaranna. Í þeim tilfellum þegar nefnd væri stofnuð væri sérstaklega brýnt að tryggja starfsaðstæður, aðstöðu, málaskráningarkerfi og að sérþekking á málefnum og stjórnslurétti væri til staðar innan nefndarinnar. Dæmi væru um að formaður nefndar fengi hvorki netfang fyrir hana og hvað þá starfsaðstöðu og að hún væri síðan „rekin úr rassvasanum eða af lögmannstofu viðkomandi“. Slíkt væri slæmt ásýndar.

„Best of both worlds?“

Ásgerður Snævarr batt lokahnút á erindin með því að benda á að í reynd væru fleiri en tvær hliðar á peningnum. Þótt úrskurðarvald væri fært frá ráðherra til sjálfstæðrar nefndar þá bæri ráðherra enn ábyrgð á stjórnarmálefnum, framkvæmd laganna, og bæri skylda til að bregðast við ef kerfislegir annmarkar kæmu í ljós. Ráðherra bæri t.a.m. að tryggja starfumhverfi og fjárveitingar

til nefnda og að þær væru mannaðar hæfu fólki með viðeigandi fagþekkingu.

„Þótt úrskurðarnefnd sé sjálfstæð þá þýðir það hvorki að ráðherra beri enga ábyrgð né að hann fari ekki með nein völd. Eitt stjórnátaki sem ráðherra hefur gagnvart stjórnvöldum, sem er sjaldan beitt, er að gefa út óskuldbindandi álit eða leiðbeiningar um stjórnarframkvæmd á málefnasviði sínu,“ sagði Ásgerður. Raunar mætti færa fyrir því rök að ráðherra hefði ríkari rétt til afskipta ef úrskurðarvald hefði verið fært frá honum, enda engin hættu á að tjáning eða afskipti hans myndu gera hann vanhæfan til meðferðar máls.

Sú staða gæti komið upp að nefnd væri ósammála hinu óbindandi álit en þá hefði ráðherra önnur stjórnátaki í vopnabúri sínu, þá ýmist með setningu reglugerða um starfshætti eða efni máls eða með því að beita sér fyrir því að löggjafinn skerist í leikinn með lagasetningu.

„Í upphafi var spurt hvort tími væri kominn á stjórnsýsludómstól. En að sama skapi má spyrja hvort við séum ekki sæmilega stödd

nú þegar ef þeim stjórnátækjum, sem þegar eru til staðar, er beitt,“ sagði Ásgerður og velti því upp hvort núverandi ástand fæli í sér „best of both worlds“.


Borðstofuborð og bílskúr

Að framsögum loknum gafst tími til örstuttra umræðna. Meginstefið í þeim laut að því að nauðsynlegt væri að tryggja starfsaðstæður nefnda þegar þær hefðu verið ritaðar inn í lagasafnið. Dæmi væru um að lögheimili nefnda væri hið sama og formanns og borgurum bæri að senda kærur og skjöl í póstkassa í anddyri fjölbýlishúsa. Sumar þeirra hefðu afdrep á borðstofuborðum, aðrar í bílskúrum og að slíkt væri ótækt.

Enn fremur var örstutt rætt um mál á þingmálaskrá ríkisstjórnarinnar sem laut að stjórnsýslunefndum og fækkun þeirra. Frumvarpsdrög þar um höfðu ekki ratað í samráð áður en til þingrofs kom og óljóst hver afdrif þess máls verða. Lögfræðingar geta beðið spennir eftir því ef og þegar það birtist.

Jóhann Óli Eiðsson

Skrifstofur til leigu



Tvær skrifstofur til leigu fyrir lögfræðinga að Borgartúni 28, 104 Rvík. Hvor skrifstofa er 11fm en svo fylgir mjög stórt sameiginlegt rými, kaffiástaða og tvö stór fundarherbergi. Í dag eru fjórar lögfræðistofur með sex lögfræðinga á hæðinni.

Nánari upplýsingar gefur Halldór í síma 662 2707 eða á netfanginu halldor@dofish.is

AFHENDING MANNRÉTTINDAVERÐLAUNA CCBE



Hægt er að lesa nánar um samtökin og styðja þau á <https://panzifoundation.org/>

Á fundi CCBE, samtaka evrópskra lögmannafélaga, sem fór fram í Brussel 22. nóvember síðastliðinn, fór fram afhending árlegra mannréttindaverðlauna samtakanna, sem að þessu sinni komu í hlut Panzi Foundation í Kongó, sem árlega veita þúsundum fórnarlamba nauðgana þar í landi margþætta aðstoð - allt frá læknis-, sálfræði- og félagsþjónustu til greiðslu lögfræðikostnaðar við að ná fram rétti sínum.

EVRÓPUSÁTTMÁLI UM VERND LÖGMANNA



Svona sá Evrópuráðið fyrir sér vernd lögmanna. Nánari upplýsingar: <https://www.coe.int/en/web/cdcj/cj-av>

Í nóvember síðastliðnum samþykkti Evrópuráðið sérstakan sáttmála - European Convention on the Protection of the Profession of Lawyers - sem unnið hefur verið að um árabil. Sáttmálinn mun hafa umtalsverða þýðingu gagnvart lögmönnum í þeim ríkjum sem aðild eiga að Evrópuráðinu ef stjórnvöld fullgilda hann með förmlegum hætti. Þess má geta að íslensk lög tryggja lögmönnum að stærstum hluta þá vernd sem felst í hinum nýja sáttmála.

ÚTSKRIFT NÝRRRA LÖGMANNA

Þann 29. nóvember síðastliðinn fór fram útskrift af síðara námskeiði ársins 2024 til öflunar málflytningsréttinda fyrir héraðsdómstólum ársins 2024. Að þessu sinni útskrifuðust 12 lögfræðingar, sex konur og sex karlar, en alls þreyttu 32 þátttakendur prófraunina að þessu sinni. Á árinu hafa því samtals 26 lögfræðingar lokið við að afla sér réttinda með fullnægjandi hætti, sem er sami fjöldi og á árinu 2023.

Alls hafa 1268 lögfræðingar lokið málflytningsréttindanámskeiðum á þeim 25 árum sem þau hafa verið haldin, 682 karlar (53,8%) og 588 konur (46,2%).



Dagur Fannar Jóhannesson tekur við skírteini úr hendi Þorsteins Davíðssonar héraðsdómara og formanns prófnefndar um öflun málflytningsréttinda fyrir héraðsdómstólum.



Rannveig S. Sigurvinsdóttir í herberginu þar sem rannsóknin fer fram en þar eru m.a. leikhúsljós og skynjarar. Rýmið er sérstaklega hannað fyrir sýndarveruleika og þegar gleraugun eru sett upp þá er viðkomandi staddur í dómsal á fjórðu hæð í Héraðsdómi Reykjavíkur sem sést á skjánum. Við hliðina er síðan lítið herbergi þar sem tekið er viðtal við þolendur.

DÓMSALUR Í SÝNDARVERULEIKA

Á vegum sálfræðideildar og tölvunarfræðideildar Háskólans í Reykjavík er í gangi rannsókn um áhrif dómsals í sýndarveruleika á einstaklinga sem hafa orðið fyrir kynferðisofbeldi. Tilgangur rannsóknarinnar er skoða og meta möguleg úrræði fyrir þolendur kynferðisofbeldis en umhverfið, sem hefur verið þróað, byggir á dómsal 402 í dómhúsi Héraðsdóms Reykjavíkur við Lækjartorg. Þolendum býðst að prófa sýndarveruleikann og eru viðbrögð þeirra metin með spurningalistum, viðtali og mælingum á streituhormónum.

Hugmyndin kom upphaflega frá þremur nemendum í tölvunarfræði við Háskólann í Reykjavík sem útbjuggu dómsal í sýndarveruleika sem lokaverkefni með það í huga að þolendur ofbeldis gætu búið sig undir réttarhöld. Verkefnið hlaut verðskuldaða athygli og varð til þess að nemendurnir stofnuðu fyrirtækið Statum. Í kjölfarið kom sálfræðideild HR að verkefninu

og fékk styrk til að rannsaka áhrif sýndarveruleika á þolendur kynferðisofbeldis. Að sögn Rannveigar S. Sigurvinsdóttur, dósentis í sálfræði, sem er ábyrgðarmaður rannsóknarinnar, hefur gengið mjög vel að fá þolendur til þess að taka þátt: „Bjartsýnasta markmið okkar var að fá 60 þátttakendur og við erum að nálgast það. Við leitumum m.a. til Stígamóta og þar var

verkefnið kynnt bæði fyrir konum og körlum. Það er sérstaklega ánægjulegt að við höfum fengið fólk frá 20 til 70 ára til að taka þátt í rannsókninni,“ sagði Rannveig.

Hvenær var rannsóknin sett af stað?

„Við byrjuðum með frumrannsókn árið 2020 og fengum til okkar nokkra þolendur til að reyna gera okkur grein fyrir því hvort við værum með eitthvað í höndunum. Niðurstaðan var að fara í þessa stóru inngrípsrannsókn. Upphaflega hugsuðum við verkefnið fyrir þau sem voru að fara með mál fyrir dóm svo að hægt yrði að rannsaka hvort undirbúningur með sýndarveruleika hefði jákvæð áhrif á líðan þeirra. Svo ákváðum við að hafa rannsóknina opnari til að aðrir þolendur, sem höfðu ekki farið með mál fyrir dóm, gætu einnig tekið þátt. Sá hópur hefur rætt um að sýndarveruleikadómur hafi verið svona „closure“ fyrir þeim og haft góð áhrif.“

Hvernig fer rannsóknin fram?

„Þátttakandinn setur upp sýndarveruleikagleraugun og er með skynjara á höndum svo hann sjái handahreyfingarnar. Allt er gert svo að upplifunin verði sem eðlilegust en meira að segja umhverfshljóðin voru tekin upp í dómsalnum.

Við byrjum á því að fara með þátttakandann í hlutlaust umhverfi en svo fer hann í tóman dómsalinn til að róa sig niður. Að því loknu er dómsalurinn full mannaður af tölvukarakterum en það virðist vera nóg því við sjáum þátttakendur oft komast í talsvert mikið uppnám. Þegar réttarhöldin hefjast, og þátttakandi byrjar að tala, þá horfa karakterarnir á hann og það veldur streitu. Réttarhöldin standa í u.þ.b. hálf tíma og á meðan mælum við augnhreyfingar, hjartslátt, hjartsláttarbreytileika og svokallaða húðleiðni, sem er streituvíðbragð. Á ákveðnum tímupunktum spyrjum við svo þátttakanda hvernig honum líði. Hægt er að velja um tíu útlit á gerendum svo þeir líkist þeim sem brutu á þolandanum en við breytum einnig útliti hans á meðan rannsókninni stendur og erum að skoða hvort það hafi áhrif.“

Hvaðan koma spurningarnar?

„Við fengum spurningar úr raunverulegum dómsmálum og ræddum þær einnig við ráðgjafahóp okkar sem samanstendur af dómara, lögmanni og ákæranda. Við veltum mikið fyrir okkur hvort undirbúningur sem þessi fyrir málflutning gæti eyðilag

málatilbúnað. Niðurstaðan var að svo væri ekki og raunar telja flestir þátttakendur sem eru á leið í dóm undirbúninginn vera valdeflandi. Raunin er sú að þátttakendur gleyma sér í aðstæðunum. Rannsakendur, hins vegar, hlusta og spyrja spurninganna en við vonumst til að gervigreindin komi sterkar inn í þann þátt fljótlega.

Þolendur fara tvisvar sinnum í gegnum skýrslutöku fyrir dómi og virðast vera í minna uppnámi í annað skipti. Við sjáum einnig að það dregur úr kvíða þannig að við fyrstu sýn þá lofar rannsóknin góðu.“

Ertu ánægð með árangurinn fram að þessu?

„Þetta er búið að vera mjög gefandi verkefni. Ég hafði áhyggjur fyrirfram yfir því að við værum að biðja fólk um að gera svo mikið og að það myndi ekki nenna að koma hingað tvisvar sinnum til að rifja upp hugsanlega verstu lífsreynslu lífs síns. Ég held að þátttakendur séu bara svo þakklátir að einhverjir séu að gera eitthvað því að þeir upplifa sig afskipta.

Mér sýnist á fyrstu niðurstöðum að kvíði og ótti gagnvart dómsalnum hafi minnkað. Við mældum einnig

almennt kvíða, þunglyndi og áfallastreitu og það er ekki svo að þetta verkefni breyti líðan fólks í öllu lífinu. Þetta er náttúrulega mjög afmarkað inngríp en í þessum tilteknu aðstæðum þá held ég að þetta sé að gera eitthvað gott.“

Sérðu fyrir þér að sýndarveruleikinn verði notaður að lokinni rannsókn?

„Já, réttargæslumenn gætu nýtt sér þessa tækni til að undirbúa skjólstæðinga sína undir að fara í dómsal. Okkar vinkill er þolendur kynferðisofbeldis og svo mætti nota þetta til undirbúnings í fjölbreyttum málaflökkum. Einnig mætti skoða hvort sýndarveruleikinn gæti gagnast fyrir aðra hópa eins og önnur vitni, sakborninga, lögmann og ákærhendur til að búa sig undir réttarhöld.“

Eyrún Ingadóttir



Reynsluboltar í lögmennsku. F.v. Helga Vala Helgadóttir, Gunnhildur Pétursdóttir, Guðfinna Jóhanna Guðmundsdóttir, Auður Björg Jónsdóttir, Berglind Svavarsdóttir, Valborg Snævarr og Hulda Rós Rúriksdóttir.

STÖRF OG REYNSLA KVENNA Í LÖGMANNASTÉTT

Hinn 18. október var hátíðarmálþing Félags kvenna í lögmennsku haldið í Bankanum á Selfossi í tilefni af 20 ára afmæli félagsins, en það var stofnað í mars 2004 í fundarsal Lögmannafélags Íslands.

Keimlík reynsla

Fyrir hádegi var fjallað um störf og reynslu kvenna í lögmennsku og voru lögmennirnir Lára V. Júlíusdóttir, sem hefur starfað frá 1980 og var sæmd gullmerki LMFÍ fyrr á árinu, Þorbjörg I. Jónsdóttir, sem hefur starfað frá árinu 1996, og Rebekka Ósk Gunnardóttir, sem hefur verið í lögmennsku frá árinu 2021, framsögumenn. Það var mjög áhugavert að heyra hvað reynsla þessara lögmanna var að mörgu leyti keimlík þótt þær kæmu á mismunandi tíma inn í stéttina. Umfjöllunarefnið hjá frummælendum voru einkum skiptastjórn í þrotabúum,

málskostnaðarákvarðanir dómstóla og gjaldtaka fyrir lögmennsstörf. Þá einkum hvort greina mætti kynjasjónarmið á þessum sviðum, hvort sem væri hjá dómstólum sem ákveða hvaða lögmenn annast skipti á þrotabúum og málskostnað eða hjá kaupendum lögmennsþjónustu. Á eftir urðu líflegar umræður þar sem fram komu meðal annars þau sjónarmið að merkja mætti þá tilhneigingu hjá dómstólum að skipa frekar karla sem skiptastjóra í þeim þrotabúum, þar sem eignir væru fyrir hendi, en konur í eignalausum búum.



Páley Borgþórsdóttir.



Hluti af stjórn FKL og skipuleggjendum afmælishátíðarinnar f.v. Kristrún Elsa Harðardóttir og Þorbjörg Inga Jónsdóttir.



F.v. Mæðgurnar Kolbrún Kristín Antonsdóttir og Eva Dóra Kolbrúnardóttir formaður FKL.



F.v. Rebekka Ósk Gunnarsdóttir, Felicia M. Pralea, Tinna Rán Sverrisdóttir og Sandra Ósk Jónsdóttir.



F.v. Ásta Björk Eiríksdóttir, Inga Lillý Brynjólfssdóttir og Lilja Margrét Olsen.

Refsiréttur

Eftir hádegi var farið yfir ákvæði hegningarlaga um ofbeldi og hvort þörf sé á lagabreytingum til að mæta betur þróuninni á sviði refsiréttar, þá með sérstakri áherslu á refsináemi andlegs ofbeldis. Erindi fluttu Páley Borgþórsdóttir, lögreglustjóri á Norðurlandi Eystra, Alda Hrönn Jóhannsdóttir, saksóknari hjá lögreglunni á Suðurnesjum, og Inga Lillý Brynjólfssdóttir lögmaður.

Áhugavert þótti að Páley og Alda voru ekki sammála um þörfina á því að breyta ákvæðum hegningarlaga til að mæta betur brotum sem fela í sér andlegt ofbeldi. Páley fór yfir nauðsyn þess að bæta inn í hegningarlögin ákvæði sem tekur á refsináemi andlegs ofbeldis með skýrari hætti á meðan Alda taldi þau ákvæði sem fyrir eru taka skýrt á refsináeminu en beita mætti þeim með ríkari hætti. Inga Lillý stýrði svo mjög áhugaverðum umræðum þar sem gott samtal tókst meðal frummælenda og lögmanna enda margir vanir réttargæslumenn og verjendur í salnum.

Það var samhljóða niðurstaða að málþingið hefði verið einkar vel heppnað þar sem konur hefðu átt frábæran dag á hátíðarmálþinginu og gagnleg umræða átt sér stað um stöðu kvenna í lögmennsku, refsirétt og ýmis önnur álitæfni.

Að lokinni formlegri dagskrá og móttöku FKL var áherslan færð yfir á svið kauparéttar þar sem verslunin Ozone var með sérstakt heimboð fyrir málþingsgesti sem var virkilega veglegt og kom án efa bæði gestgjafa og gestum til góða. Deginum lauk svo á hátíðarkvöldverði á Fröken Selfoss samkvæmt auglýstri dagskrá en eftir það var voru önnur óformleg atriði allt eftir áhuga og úthaldi hveggjar og einnar.

Stjórn FKL er himinlifandi með daginn og þakkar dásamlega samveru. Kvenorkan, samstaðan og gleðin sem myndast þegar konur koma saman er engri lík.

Fyrir hönd stjórnar FKL,
[Kristrún Elsa Harðardóttir](#) og [Þorbjörg Inga Jónsdóttir](#)

MIÐALDRA NÝLIÐI GEFUR ÚT LJÓÐABÓK UM GOLF

Um miðjan nóvember sat ritnefnd *Lögmannablaðsins* yfir gómsætu sushi og ræddi um hvern ætti að fá til að skrifa grein í jólablaðið. Þar var samþykkt að aðstoðarritstjórinn sæi sjálf um skrifin að þessu sinni enda nýútkomin úr skápnum sem golfskáld. Í framhaldinu fékk Copilot beiðni um að búa til spurningar og má því segja að hún spjalli hér við Eyrúnu Ingadóttur um ljóðabókina *Upphafshögg – ljóð um listina að spila golf*.



Í ljóðabókinni *Upphafshögg – ljóð um listina að spila golf* fjallar Eyrún um erfitt og viðkvæmt ástarsamband sitt við golfíþróttina en bókin er tileinkuð öllum þeim sem ganga um golfvelli í íslensku sumarveðri, vengóðir um að veðurspáin breytist til hins betra. Hér má sjá Eyrúnu norpa í norðanáttinni á Korpuvelli (sjónum) ásamt Himbrima sem svipað var ástatt fyrir „sumarið“ 2024

Máttur Sigu

Copilot: Hvað hvatti þig til að skrifa ljóðabók um golf?

Það er eiginlega svolítið fyndið. Ég hitti Sigu Pálma á Lagadagskvöldi fyrir nokkrum árum. Hún hafði séð myndir af mér munda kylfuna og sagðist fá marga golfara til sín í dáleiðslu til að laga forgjöfina. Ég ákvað að skella mér til hennar og í leiðinni að taka á hinni minnimáttarkenndinni sem sneri að því að ég gat varla sýnt nokkrum manni ljóðin sem ég orti. Einhvern veginn sló þessu saman eftir dáleiðsluna þannig að ég fór að yrkja ljóð um golf – og er alveg laus undan minnimáttarkenndum heimsins. Svona er máttur Sigu!

Grínið það mikilvægasta

Copilot: Hvernig tengist golf lífi þínu og skáldskapnum þínum?

Golf er afskaplega skáldleg íþrótt og það eru til fjödamörg golfskáld sem bara vita ekki af því! Þau segja sögur af ótrúlegum höggum og fjölda þeirra! Allt saman skáldskapur!

Copilot: Hver eru helstu þemu eða hugmyndir sem þú vilt koma á framfæri í ljóðunum þínum?

Hvað golf er skemmtileg og óskaplega dramatísk íþrótt. Það langar alla að verða betri í golfi og það gera allir golfarar mistök, sama hvað forgjöfin er lág. Grínið er síðan alltaf það mikilvægasta því án þess væri ekki hægt að spila golf. Allt þetta er að finna í bókinni; grín og dramatík, ást og hatur, líf og dauði.



Ljóðabókin er hönnuð af **Gabriel Benedikt Bachmann** og er hver síða listaverk.

Copilot: Hvernig hefur reynsla þín af golfi mótað skáldskapinn þinn?
Ég er náttúrulega að reyna að fara holu í höggi ... að minnsta kosti vonast ég til að spila á pari.

Útíveran góð fyrir skáldin

Copilot: Getur þú deilt með okkur einhverju upphalds ljóði úr bókinni og sagt okkur frá því hvernig það varð til?

Það er erfitt að gera upp á milli barnanna sinna. Meðal ljóða er hækka og tanka, sem eru japönsk ljóðaform, sum ljóðin eru alvarleg og önnur ekki. Sum full af ást og önnur ekki. En ljóðið sem ég birti hér, Fugladans, gerðist í raun og veru á Sjónum á Korpu. Náttúran er svo nærri á golfvöllunum og við urðum vitni að því að laupur krumma varð fyrir árás máva, vorum á vettvangi voðaverka.

Copilot: Hvernig hefur ferlið við að skrifa þessa bók verið fyrir þig?

Þetta hefur verið tómt gleði. Það er gott að leiða hugann að skáldskap norpandi í norðanáttinni á golfvellinum eða þegar vindurinn hættir skyndilega að flýta sér. Útíveran er svo góð fyrir skáldin.

Að sameina tvö áhugamál

Copilot: Hvaða áhrif vonar þú að bókin þín muni hafa á lesendur, sérstaklega þá sem hafa áhuga á golfi?

Að golfararnir fái áhuga á skáldskapnum og skáldin fyllist áhuga á golfinu er kannski rétta svarið en ég er nú bara að sameina



Á vettvangi voðaverka segir í ljóðinu Fugladans en náttúran og dýralífið er nærri á golfvöllum landsins og stundum gerast ævintýri.

tvö áhugamál og gera það sem mér finnst skemmtilegt. Aðrir fá svo að njóta ef þeir vilja.

Copilot: Hverjir eru þínir helstu áhrifavaldar í skáldskapnum?

Þeir eru margir, enda er ég alltaf með ljóðabækur á náttborðinu. Jón úr Vör er upphalds, sömuleiðis Vilborg Dagbjartsdóttir, Gerður Kristný og Þórdís Gísladóttir. Nýjar ljóðabækur eftir Aðalstein Ásberg og Kristínu Þóru Harðardóttur eru nú á náttborðinu, báðar fantafinar.

Copilot: Hvað ráð myndir þú gefa öðrum sem vilja sameina ástríðu sína fyrir íþróttum og skáldskap?

Það væri gaman að lesa ljóð um fótbolta, glímu, hlaup ...

Endir

NÁMSKEIÐ ÁRSINS

Árlega stendur félagsdeild LMFÍ fyrir tugum námskeiða fyrir lögmennt og lögfræðinga landsins. Að þessu sinni sóttu 275 alls 22 námskeið sem í boði voru árið 2024. Árið 2023 sóttu 435 þátttakendur 26 námskeið á vegum félagsins svo um talsverða fækkun er að ræða milli ára.

Eins og síðustu ár var haldið matsmannanámskeið fyrir sérfræðinga sem vilja taka að sér að vera dómkvaddir matsmenn. Síðustu tvö ár hefur Viðar Lúðvíksson lögmaður séð um kennslu en svo heldur félagsdeild utan um sérstakan matsmannalista yfir þá sem hafa sótt námskeiðið. Nú eru alls 237 sérfræðingar á listanum, tilbúnir til að taka að sér matsmál um hin ýmsu svið. Um þessar mundir er verið að endurnýja upplýsingar á listanum og verður hann sendur til lögmannna og dómstóla í byrjun árs.



Eitt af fjölmennari námskeiðum ársins var námskeiðið Afnotaform að fasteignum með áherslu á lóðarleigusamninga sem þeir Viðir Smári Petersen og Karl Axelsson kenndu.

MENTORPRÓGRAMM Í BLÓMA


Í vor var í fyrsta sinn boðið upp á mentorprógramm meðal þeirra lögmannna sem eru nýkomnir í félagið og var því afar vel tekið, bæði hjá þeim sem og reynslumiklum lögmonnum sem sjá um að „mentora“ þá. Lögfræðingafélagið hefur um árabil verið með prógramm sem þetta og var leitað í smíðju þeirra og Gunnars Jakobssonar fv. seðlabankastjóra um hvernig best væri að haga málum. Niðurstöðuna má lesa í 1. tbl. 2024 en alls eru 14 þátttakendur með jafn marga mentora nú um stundir. Fyrir stuttu var haft samband við þátttakendur til að sjá hver staðan væri í samskiptum við mentora. Svörin voru eftirfarandi:

- Við erum búnir að hittast einu sinni og það var snilldarfundur.
- Við höfum hist nokkrum sinnum og það hefur skilað mjög góðum árangri.
- Heldur betur verið gagn að þessu enda lögmaður hafsjór af reynslu.
- Mjög mikið gagn að þessu og lögmaður frábær.
- Gengur mjög vel.
- Hefur verið frábært, algjörlega ómetanlegt.

Prógramminu lýkur í byrjun febrúar og fljótlega eftir það verður auglýst á ný eftir þátttakendum jafnt sem mentorum.

ERT ÞÚ SKRÁÐ/UR Á LÖGMANNALISTANN?

Félagatal LMFÍ birtist á heimasíðu félagsins enda er hún mikið notuð af almenningi til að sækja sér upplýsingar um lögmennt og til marks um það þá flettu 15.226 manns upp á Lögmannaalista frá 8. nóvember til 6. desember síðastliðinn. Sjálfstætt starfandi lögmennt og fulltrúar þeirra geta skráð sérhæfingu sína sem birtist á lista á síðunni en lögmennt í félagsdeild fá 40% afslátt af skráningunni. Óhætt er að fullyrða að þetta er ein ódýrasta auglýsing sem hægt er að fá, en hver yfirflokkur kostar 2.800.-kr. Þá er listinn á níu tungumálum.



BREYTINGAR Á FÉLAGATALI

NÝ RÉTTINDI FYRIR HÆSTARÉTTI

Flóki Ásgeirsson

MAGNA lögmennt, Höfðabakka 9, 110 Reykjavík

Leifur Runólfsson

Juvo lögmennt, Klapparstíg 25-27, 101 Reykjavík

NÝ RÉTTINDI FYRIR LANDSRÉTTI

Guðrún Lilja Sigurðardóttir

LEX lögmannsstofa, Borgartúni 26, 105 Reykjavík

Hlynur Jónsson

Austurlög ehf., Kaupvangi 6, 700 Egilsstöðum

Hrafnkell Oddi Guðjónsson

Slysabætur ehf., Skólavörðustíg 12, 101 Reykjavík

Ingi Hrafn Óskarsson

Lögfræðistofa Reykjavíkur, Borgartúni 25, 105 Reykjavík

Katrín Smári Ólafsdóttir

FOCUS lögmennt ehf., Suðurlandsbraut 24, 108 Reykjavík

Lárus Sigurður Lárusson

Lögmannsstofan Sævar Þór & Partners, Skipholti 50C, 105 Reykjavík.

NÝ RÉTTINDI FYRIR HÉRAÐSDÓMSTÓLUM

Aðalheiður Kristjánsdóttir

Lögmennt Norðurlandi, Hafnstræti 94, 600 Akureyri

Birgitta Saga Jónsdóttir

ADVEL lögmennt ehf., Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík

Tómas Jökull Thoroddsen

BBA Fjeldco, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík

ENDURÚTGEFIN RÉTTINDI

Anton Egilsson

Vörður Tryggingar hf., Borgartúni 19, 105 Reykjavík

Arndís Anna K. Gunnarsdóttir

Rauðalæk 19, 105 Reykjavík

Ástríður Scheving Thorsteinsson

Thor lögmannsþjónusta, Móaflöt 20, 210 Garðabæ

Davíð Þór Björgvinsson

Fasteignamál lögmannsstofa, Suðurlandsbraut 20, 108 Reykjavík

Hrefna Björk Rafnsdóttir

Isavia ohf., Dalshrauni 3, 220 Hafnarfirði

Sigurður Óli Kolbeinsson

Lindarbergi 80, 221 Hafnarfirði

Snædís Björt Agnarsdóttir

Embætti borgarlögmanns, Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnargötu 11, 101 Reykjavík

Þorgeir Þorgeirsson

Slysavernd ehf., Nóatúni 17, 105 Reykjavík

BREYTING Á VINNUSTAÐ

Aníta Auðunsdóttir

Reitir fasteignafélag, Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

Úlfur Þór Andráson

FIRMA lögmennt, Dalvegi 30, 201 Kópavogi

Birgir G. Magnússon

BGM lögmannsstofa, Lágmúla 7, 108 Reykjavík.

Hrefna Björk Rafnsdóttir

Isavia ohf. Dalshrauni 3, 220 Hafnarfirði

NÝTT HEIMILISFANG

Elías Kristjánsson

CATO lögmennt, Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík

Vigdís Þóra Sigfúsdóttir

Hekla Legal, Bildshöfða 16, 110 Reykjavík

Þórður Heimir Sveinsson

Lögþjónustan sf. Suðurlandsbraut 30, 3. hæð, 108 Reykjavík.

PRENTUN

Litla & prent

Umhverfisvæn og svansvottuð prentsmiðja - www.litlaprent.is



Námskeið Lögmannafélags Íslands



Skiptastjórn þrotabúa - 14. og 16. janúar 2025

Farið verður yfir feril skipta þrotabúa frá skipun til skiptaloka. Lögð verður áhersla á starf og meginskyldur skiptastjóra og þau praktísku álitaefti sem koma upp við skipti þrotabúa, s.s. fyrstu aðgerðir skiptastjóra, meðferð og ráðstöfun veðsettra og óveðsettra eigna, skuldajöfnuð og aðkomu kröfuhafa að málefnum þrotabús. Þá verður fjallað um meðferð krafna og ágreiningsmála, riftun ráðstafana, úthlutun og lok gjaldþrotaskipta.

Kennari	Porsteinn Einarsson lögmaður hjá Forum lögmonnum.
Staður	Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími	Alls 8 klst. (2x4). Þriðjudagur 14. og fimmtudagur 16. janúar 2025 kl. 13.00-17.00.
Verð	kr. 48.000,- fyrir félaga í félagsdeild LMFÍ, kr. 64.000,- fyrir félaga í LMFÍ og LÍ en kr. 80.000,- fyrir aðra.

Munnlegur málflutningur – 23. janúar 2025

Farið verður yfir hvað einkennir góðan málflutning í dómsal sem og skipulag og uppsetningu góðrar málflutningsræðu. Hvað einkennir slæma ræðumennsku og hvaða atriði í málflutningi telja dómamarar skipta mestu máli? Þá verður einnig farið yfir framkomu gagnvart vitnum og dómurum.

Námskeiðið var síðast haldið á vorönn 2021 en þátttakendur sögðu meðal annars:

- ✓ Þetta var frábært námskeið.
- ✓ Það var æðislegt að fá að heyra í reyndum lögmonnum sem miðluðu af eigin reynslu.
- ✓ Ég var sérstaklega spennt að heyra frá dómamanum í hópnum enda fær maður sjaldan upplýsingar um hvað þeim finnst eða hvað þeir eru að spá.
- ✓ Ég hafði gott af þessum áminningum og holrráðum.

Kennarar	Jóhannes Karl Sveinsson lögmaður hjá Landslögum, Vilhjálmur H. Vilhjálmsson lögmaður hjá VHV og Ásgerður Ragnarsdóttir Landsréttardómari.
Staður	Kennslustofa LMFÍ, Álftamýri 9, 108 Reykjavík.
Tími	Alls 4 klst. Fimmtudagur 23. janúar 2025 kl. 13.00-17.00.
Verð	kr. 36.000,- fyrir félaga í félagsdeild LMFÍ, kr. 48.000,- fyrir félaga í LMFÍ og LÍ en kr. 60.000,- fyrir aðra.

Skráning á www.lmfi.is

